

Nd.

140. Frumvarp til laga

[85. mál]

um breyting á lögum nr. 51 1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almanna-  
tryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir, Helgi Jónasson, Jónas Árnason.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, frá-  
skilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á  
framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

Á 1. verðlagssvæði:      Á 2. verðlagssvæði:

1. Til mæðra með 2 börn .....	kr. 1360	kr. 1020
2. Til mæðra með 3 börn .....	— 2720	— 2040
3. Til mæðra með 4 börn eða fleiri	— 4080	— 3060

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móður-  
innar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með  
karlmanni, þótt ógift séu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1952.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði í almannatryggingalögin ákvæðum  
um nýjan bótaflokk, mæðralaun. Lagt er til, að mæðralaun verði greidd einstæðum  
mæðrum, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, þannig að kona með tvö börn  
fái sem svarar þriðjungu lífeyris, kona með þrjú börn tvo þriðju lífeyris og kona  
með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkvæmt lögnum.

Segja má, að móðir, sem hefur aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan  
með því barnalífeyri, eigi jafnaðarlega að geta komið af án frekari styrks. Eftir  
því, sem börnin eru fleiri, er móðirin að sjálfsögðu bundnari af þeim, og þegar  
börnin eru orðin fjögur, má ætla, að öll vinna móðurinnar sé bundin við að ann-  
ast þau. Mikill meiri hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta samkvæmt  
þessum ákvæðum, eru ekkjur og fráskildar konur, því að flest óskilgetin börn eru  
einbirni mæðra sinna.

Tillögur um mæðralaun hafa áður komið fram á Alþingi. Millipinganeftnd, sem  
skipuð var á miðju ári 1948 til þess að endurskoða lög um almannatryggingar,  
mælti með því, að ákvæði um mæðralaun væru tekin í lög. Efri deild samþykkti  
þau ákvæði á Alþingi 1949, en málið stöðvaðist hins vegar í neðri deild. Síðan hafa  
tillögur um þetta efni oftast en einu sinni verið bornar fram, en aldrei náð fram  
að ganga. Ýmsir aðilar hafa skorað á Alþingi að samþykkja slík ákvæði, þ. á m. ýmsir  
kvennasamtök.